

Eftirfarandi var bókað á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps í dag.
5 nóvember,

1.

2. Þingskjal 273. Beiðni um umsögn. Breyting á nýtingu lands.

Björgvin Skafti Bjarnason lagði fram eftirfarandi tillögu : Lögð fram til umsagnar tillaga um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða, nr. 13/141. Varðar færslu fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar í Þjórsá úr biðflokki í orkunýtingarflokk. Sveitarstjórn mótmælir því að fyrir liggur að færa skipulagsvald frá sveitarstjórn til löggjafans að takmarka þar með skipulagsvald sveitarstjórna sbr. lög um verndar- og orkunýtingaráætlun. Ennfremur mótmælir sveitarstjórn hvernig þau lög skarast á við skipulagslög, - sbr 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun : 2011 nr 48. Og skipulagslög frá 2010 nr 123 3.gr og 10 gr. Tillaga samþykkt samhljóða.

Greinargerð : Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um

vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141. Þingskjal 273

Áhersla er lögð á eftirtalinn atriði:

Ekki er eingöngu hægt að miða við áhrif á laxfiska. Rannsóknir vantar á fleiri þáttum.

Samfélagsleg áhrif eru ekki tekin nægjanlega með

Áhrif á landslag, taka þarf meira tillit til fagurfræðilegra áhrifa og tilfinningalegs gildis landslags

Umhverfismat er úrelt.

Einnig er rétt að minna á að þar sem um er að ræða virkjun í byggð þarf að gæta sérstaklega að frágangi, ekki eingöngu við lónsstæði, stíflumannvirki og stöðvarhús. Frágangur í farvegi neðan stíflu þarf að vera þannig að jafnt við

lágmarksrennsli, og allar aðrar aðstæður sé lífríki sem minnst hætta búin og umhverfisáhrif takmörkuð.

Með kærri kveðju

Kristófer Tómasson

Sveitarstjóri Skeiða-og Gnúpverjahrepps

Sími 486-6100 beinn sími 486-6113 gsm 861-7150

netfang : kristofer@skeidgnup.is

veffang: www.skeidgnup.is

Árnes 801 Selfoss

